

Mánudaginn 22. október 1990.

Nr. 186/1989. **Vígfús Björnsson**

(Jón Kr. Sólmes hrl.)

gegn

Birgi Stefánssyni

f.h. Bifreiðastillinga Birgis

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Áskorunarmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný gögn.

Lögmaður stefnda ritaði áfrýjanda innheimtubréf hinn 18. september 1984. Áfrýjandi svaraði því með bréfi 8. október s.á. Í bréfi þessu mótmælti áfrýjandi reikningum stefnda sem röngum og vísaði jafnframt til fyrri mótmæla sinna gegn reikningunum. Einnig taldi hann sig eiga gagnkröfur á stefnda, sem væru hærri en viðgerðar-reikningarnir. Engu að síður höfðaði stefndi áskorunarmál fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn áfrýjanda andstætt 1. gr. laga um áskorunarmál nr. 97/1978, sem þá voru í gildi. Hvorki var nefnt bréf lagt fram við þingfestingu málsins né mótmæla áfrýjanda við kröfum stefnda getið.

Mætt var í málinu af hálfu áfrýjanda, og skilaði hann greinargerð 16. janúar 1986. Ekki verður séð, að dómari málsins hafi getið þess í þingbók, að málið skyldi sæta almennri meðferð, sbr. 2. mgr. 9. gr. nefndra laga. Í greinargerðinni voru settar fram gagnkröfur, að fjárhæð 73.737 krónur, á hendur stefnda til skuldajafnaðar vegna kaupa á jörðinni Gilsá I.

Eftir að áskorunarmálinu hafði verið vikið til almennrar meðferðar, var ekki lögð fram greinargerð af hálfu stefnda, svo sem

skýlt var samkvæmt 9. gr. laga nr. 97/1978, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Mótmæli gegn skulda-jafnaðarkröfu áfrýjanda virðast fyrst hafa komið fram við aðal-flutning málsins.

Látið var hjá líða að kveðja fyrir dóm sem vitni í málinu Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmann, sem sá um uppgjör milli málsaðila, eftir að kaupsamningur þeirra um jörðina féll úr gildi, sbr. héraðs-dómsskjöl nr. 9 og 10, sem rakin eru í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu er málið með slíkum annmörkum, að ekki verður hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Stefndi, Birgir Stefánsson, bifvélavirkjameistari á Akureyri, höfðaði mál þetta með áskorunarstefnu í nafni óskrásetts einka-firma síns til greiðslu á fjárkröfu vegna viðgerða á bifreið áfrýj-anda, sem stefndi hafði framkvæmt á árunum 1982 og 1983. Auk viðgerðarvinnu hafði stefndi lagt til varahluti og viðgerðarefni, en að undirstöðu til stafaði fjákrufa hans þó af verksamningi, en ekki af lausafjárkaupum, eins og til var ætlast samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1978, er þá giltu um áskorunarmál. Áður en málið var höfðað, hafði lögmaður stefnda ritað áfrýjanda innheimtubréf, sem getið var í stefnunni og lagt fram með henni. Svaraði áfrýjandi því um hæl með öðru bréfi, þar sem hann mótmælti reikningum stefnda og gaf til kynna, að hann ætti kröfur á móti þeim. Þetta bréf áfrýj-anda var ekki lagt fram með stefnunni og mótmæla hans ekki getið.

Við þingfestingu málsins mætti áfrýjandi sjálfur og fékk frest til að halda uppi vörnum. Í framhaldi af því lagði lögmaður hans fram greinargerð ásamt fylgiskjöllum varðandi kaup aðila um jörðina

Gilsá I í Saurbæjarhreppi svo og fyrrnefnt svarbréf áfrýjanda og ódagsettar athugasemdir frá honum um staðreyndir í málinu, er meta ber sem aðilaskýrslu. Með athugasemdunum setti áfrýjandi fram sundurliðaðar kröfur á hendur stefnda, að fjárhæð samtals 73.737 krónur, sem tengdar voru þessum kaupum, og var þeim lýst í greinargerðinni sem gagnkröfum til skuldajafnaðar einvörðungu.

Að svo komnu var málinu vikið til almennrar einkamálameðferðar á bæjarþinginu, en án bókunar í þá átt af hálfu dómara. Ekki er þess getið, að stefnda hafi verið bent á að leggja fram greinargerð í tilefni af mótmælum og gagnkröfum áfrýjanda, og sjálfur virðist hann ekki hafa talið ástæðu til þess. Við aðalflutning málsins mættu aðilar og gáfu skýrslur, sem raktar eru í hinum áfrýjanda dómi. Var stefndi þar ekki krafinn sagna um afstöðu sína til gagnkrafna áfrýjanda. Í munnlegum málflutningi var kröfunum mótmælt sem ósamrættum við stefnukröfur og sem órökstuddum og ósönnuðum. Hins vegar synjaði stefndi ekki fyrir þau afnot af jarðeign og búvélum áfrýjanda, sem meginhluti krafna er á reistur.

Við málflutninginn var ekki látið á það reyna að kalla Benedikt Ólafsson, héraðsdómslögmann á Akureyri, til vitnisburðar varðandi skipti áfrýjanda og Birgis Stefánssonar um jörðina Gilsá I, svo sem getið er í atkvæði meiri hluta dómenda.

Ljóst er af framansögðu, að nokkuð skorti á föst tók frá hendi aðila og dómara við flutning málsins í héraði og skýringu á málsatvikum. Þeir hnökra á málsmeðferð, sem um er að ræða, leiða þó ekki óhjákvæmilega til þess, að hana þurfi að ómerkja og vísa málinu frá dómi, og hvorugur aðila hefur gert kröfu í þá átt fyrir Hæstarétti. Má og líta til þess, að málið er gamalt og beið lengi dómtöku í héraði.

Þegar stefndi sækir þing samkvæmt áskorunarstefnu við þingfestingu máls, leiðir það sjálfkrafa til þess, að málinu beri að víkja til almennrar eða sérstakrar einkamálameðferðar, sbr. 9. gr. laga nr. 97/1978 (nú 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988). Virðist dómari ekki þurfa að kanna, áður en hann víkur málinu, hvort sakarefni eftir stefnunni hafi fullnægt skilyrðum áskorunarmeðferðar, þó að mælt sé um slíka könnun við útgáfu áskorunarstefnu, þegar dómari er beðinn að annast hana sjálfur.

Má ráða þetta af orðum 10.-12. gr. laganna (nú 231.-233. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988), sem við eiga, þegar útivist verður af hálfu stefnda, og ekki var vikið að hinu gagnstæða, þegar utanréttarstefnur voru heimilaðar með 3. gr. laga nr. 97/1978. Með tilliti til þessa virðist ekki skilorðslaus nauðsyn að vísa áskorunarstefnu frá dómi, þegar stefndi sækir þing, þrátt fyrir galla á stefnunni að þessu leyti, heldur megi láta reyna á það við þá meðferð, sem málinu er vikið til, hvort stefndi krefjist frávísunar hans vegna. Vanræksla á bókun um ráðstöfun málsins varðar ekki ómerkingu, þegar málsaðilum er ljóst, hvaða farvegur því er ætlaður. Í lögum nr. 97/1978 voru ekki bein ákvæði þess efnis, að stefnanda áskorunarmáls bæri að leggja fram greinargerð af sinni hálfu, þegar lögvörnum væri haldið uppi (svo sem nú er í 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988), heldur var á því byggt, að stefnur yrðu hafðar svo ítarlegar, að greinargerða yrði ekki þörf að öðru jöfnu. Með hliðsjón af því mátti líta svo á, að fyrirmæli 105. gr. laga nr. 85/1936 um greinargerð af hálfu stefnanda ættu ekki skilorðslaut við í þessum tilvikum, heldur gæti nægt, að hann ætti kost á að koma að greinargerð.

Í máli þessu var áfrýjanda ljóst frá upphafi, hvaða skuld var verið að krefja hann um, enda þótt hann deildi á kröfugerðina, og sérfróðir dómendur voru kvaddir til að fjalla um viðgerðarreikninga stefnda og mótmæli hans við þeim. Gagnkröfur áfrýjanda voru nægilega skýrar og sundurliðaðar til þess, að stefndi gæti tjáð sig um þær í efnisatriðum, enda þótt gagnafærsla áfrýjanda væri nokkuð af vanefnum. Virðist rétti stefnda ekki hallað, þótt þær væru teknar til efnisúrlausnar, en þær eru samkynja stefnukröfum og skyldar þeim að því leyti, að greiðslufrestur áfrýjanda vegna bifreiðarviðgerða stefnda var greinilega tengdur viðskiptum þeirra um jörðina Gilsá I.

Með vísan til þess, sem hér var rakið, virðist mér fært að leysa úr ágreiningi málsaðila, eins og hann horfir nú við fyrir Hæstarétti. Þar sem meiri hluti dómenda telur á hinn bóginn, að málinu beri að vísa frá héraðsdómi, verður ekki fjallað frekar um efnisþætti þess. Ég er samþykktur því, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann sama dag, er höfðað með áskorunarstefnu, útgefinni 17. september 1985, af stefnanda, Bifreiðastillingum Birgis, nnr. 1130-9992, Skála v/Kaldbaksgötu, Akureyri, og birtri stefnda, Vigfúsi Björnssyni, nnr. 9214-1527, Ásabyggð 10, Akureyri, 23. s.m. og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu þann 26. september 1985.

Dómkrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 44.143, með 5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 17.370 frá 1.2. 1983 til 1.9. s.á., en af kr. 44.143 frá þ.d. til 21.10 s.á., með 4,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 3,25% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 2,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.1. 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.3. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.3. 1986, en 2,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. s.á., 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. 1987, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.6. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., en 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., 3,8% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.12. s.á., með 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1988, en 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.3. s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.5. s.á., 3,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., en 4,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., 4,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12. s.á., en 24% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1. 1989, en 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 6.2.1989, en með dráttarvöxtum samkv. 3. kafla laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Stefndi, Vigfús Björnsson, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og jafnframt verði stefnanda gert að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Hin umstefnda skuld er samkv. tveimur reikningum stefnanda, öðrum á dskj. nr. 2, dagsettum 1.2.1983, vegna vinnu við bifreið stefnda, A-3817, fyrir árið 1982, sundurliðaður með yfirreikningi niður í vinnu, efni, vélavinnu, tryggingu, suðu og söluskatt, samtals að fjárhæð kr. 17.370,

og hinum, sem lagður er fram á dskj. nr. 3, við sömu bifreið, en sá yfirreikningur er dagsettur 1.9.1983, vegna viðgerða á bifreið stefnda á því ári eða nánar tiltekið allt til 22.6. þ.á., og sundurliðast eins og hinn yfirreikningurinn og er samtals að fjárhæð kr. 26.773. Stefnufjárhæðin sé því samtals kr. 44.143. Hafi skuld þessi ekki fengist greidd þrátt fyrir greiðslutilmæli, og er því stefnandi knúinn til að innheimta hana með dómi.

Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að stefnandi hafi ætlað að kaupa jörðina Gilsá I í Saurbæjarhreppi af stefnda árið 1983, og hafi Benedikt Ólafsson hdl. gert kaupsamning á milli aðilja um jörðina þann 16. júlí þ.á. Á fundi sínum 26. júlí það ár hafi hreppsnefnd Saurbæjarhrepps í Eyjafirði ákveðið að neyta forkaupsréttar og ganga inn í samning aðilja. Í framhaldi af nýtingu forkaupsréttarins af hálfu hreppsins hafi verið gengið frá uppgjöri aðilja, og þar með átti að vera lokið fyrir fullt og fast öllum viðskiptum þeirra á milli. En þar sem rætt er um stefnanda í þessu sambandi, er átt við Birgi Stefánsson, nnr. 1130-9992, Norðurbyggð 12, Akureyri, en Bifreiðastillingar Birgis munu vera einkafirma hans. Varðandi uppgjör stefnda og Birgis er vísað til dskj. nr. 9 og 10. Í þessu sambandi bendir stefndi á, að Birgir hafi fengið afnot af Gilsá I tímabilið 17.3. 1984 til 10.8. s.á. Á þessu tímabili hafi hann notað rafmagn á Gilsá I, haft þar hagagöngu fyrir 3 hross, reyndar um lengri tíma, þá hafi hann ekki greitt húsaleigu né fyrir aðstöðu og notkun á vélum og verkfærum, en stefndi telur, að hér sé um að ræða hagsmuni, sem nemi eigi lægri fjárhæð en kr. 58.687,00 án vaxtareiknings. Þá hafi á afnotatíma stefnanda glatast verkfæri og aðrar eigur, sem á þeim tíma námu að verðmæti ekki minni fjárhæð en kr. 15.050 án vaxta. Með þetta í huga telur stefndi fráleitt, og (sic) eftir að viðskiptum aðilja var lokið, sbr. dskj. nr. 9 og 10, geti stefnandi útbúið reikninga fyrir löngu liðnum viðgerðum og krafði sig greiðslu þeirra (sic).

Málsástæður og lagarök stefnda eru þau, að stefnandi hafi fengið fjárhagslega fullnægingu kröfu sinnar, þótt borgun hafi ekki átt sér stað. Þessi fullnægja felli kröfuna niður, eins og um greiðslu væri að ræða, og ríflega það, þar sem stefndi eigi í raun mun hærri kröfu á hendur stefndanda, þar sem hann hefði getað krafðið um mismun auk vaxta og kostnaðar vegna viðskipta þeirra, og í því sambandi vísar hann til almennra reglna kröfuréttar.

Birgir Stefánsson bifvélaþvirkjameistari, stefnandi, kom hér fyrir dóm og kvaðst hafa gengið endanlega frá uppgjöri við stefnda vegna kaupa á Gilsá I hjá Benedikt Ólafssyni hdl. og vísaði til áður nefndra dskj. nr. 9 og 10 og sagði, að viðgerðarskuldin á bifreiðinni A-3817 hefði algjörlega verið utan við skuldaskil þessi. Hann sagði, að endurbætur á jörðinni hefðu fyrst og fremst falist í viðgerð á húsum og girðingum og að greiðslan á dskj. nr. 9 hefði verið vegna peningagreiðslna hans svo og vegna útlagðs efnis

og vinnu, en um nánari sundurliðun þar mundi hann ekki. Hann sagði, að stefndi hefði ekki hreyft neinum athugasemdum við viðgerðir hans á bifreiðinni og athugasemdum hefði ekki verið hreyft fyrr en 8.10. 1984, og vísar þar til dskj. nr. 6, bls. 2. Hann sagði, að vinnukort hefði legið fyrir strax í upphafi viðgerða á bifreiðinni, en það hefði legið í loftinu, að skuld stefnda yrði tekin upp í sem greiðsla hans, þ.e.a.s. stefnanda, á jörðinni, en hann kveðst ekki hafa kafið hann um greiðslu eftir viðgerðirnar þá strax m.a. vegna þess.

Fyrir dóminn kom stefndi, Vigfús Björnsson bókbindarameistari. Hann kvaðst hafa farið með bifreið sína, A-3817, Range Rover, árgerð 1972, nokkrum sinnum til viðgerðar til stefnanda, og hefði hann litið svo á, að hann, þ.e.a.s. stefndi, hefði greitt skuldina, þar með taldar þessar svokölluðu viðgerðir stefnanda á bifreiðinni, við skuldaskil þeirra, sbr. dskj. nr. 9 og 10. Varðandi meinbugi á viðgerðunum, er stefndi taldi vera, hefur hann lagt ítarlega greinargerð á dskj. nr. 6. Varðandi viðgerð stefnanda á stýri bifreiðarinnar vísar hann til dskj. nr. 12. Varðandi dskj. nr. 9 segir hann, að sú greiðsla hafi aðallega verið vegna peningagreiðslna stefnanda til hans, og dskj. nr. 10 hafi verið endanleg skuldaskil milli hans og stefnanda, Birgis, og hann fallið frá öllum hugsanlegum fjárkröfum á hendur sér, þ.m.t. vegna bílaviðgerðanna, sem koma hafi átt upp í kaupin. Svo og hafi hann fallið frá hugsanlegum endurkröfum á hendur stefnanda og þeir þá verið algjörlega kvittir vegna allra sinna samskipta. Sagði hann, að stefnandi hefði farið að krefja sig um viðgerðarkostnaðinn sumarið 1983, en hann hefði neitað, og hefði hann haldið, að stefnandi myndi láta kyrrt liggja, en eiginkona hans hefði komið til sín með reikningana og ætlað að fá hann til að setja samþykki sitt á þá, en hann neitað, þar sem hann hefði talið þetta mál út úr heiminum.

Ívitnað dskj. nr. 9 er svohljóðandi: „Ég hefi í dag mótt ekið tékka að fjárhæð kr. 160.689,00 —eitt hundrað og sextíu þúsund sex hundruð áttatíu og níu—. En hér er um að ræða þá fjármuni, sem ég hafði greitt og afhent Vigfúsi Björnssyni vegna væntanlegra kaupa á jörðinni Gilsá í Saurbæjarhreppi. Ak. 08.VIII.83. Birgir Stefánsson.“

Dskj. nr. 10 hljóðar svo: „Benedikt Ólafsson hdl. hefur í dag afhent mér kr. 56.000,00 —fimmtíu og sex þúsund krónur— til lúkningar á skuld Vigfúsar Björnssonar, Ásabyggð 10, Ak., vegna endurbóta minna á fasteignum og mannvirkjum jarðarinnar Gilsár í Saurbæjarhreppi. Fjárhæð þessi er samkvæmt því sem um hefur samist okkar Vigfúsar í millum, að frádrægnum kr. 4.000,00 vegna áburðarkaupa (60.000 - 4000 = 56.000). Með þessari greiðslu er lokið kröfum mínum á hendur Vigfúsi vegna fyrirhugaðra jarðakaupa og fjármuna sem ég hefi afhent honum. Akureyri, 10. ágúst 1983. Birgir Stefánsson.“

Stefnandi mótmælir framkomnum skuldajöfnunarkröfum stefnda, þar sem kröfur hans séu ekki af sömu rót runnar og þeim hefði þurft að gagnstefna, en svo hafi ekki verið gert. Vekur hann sérstaka athygli á niðurlagsákvæðum dskj. nr. 10, þar sem eingöngu hafi verið um skuldaskil vegna endurbóta á fasteignum og mannvirkjum jarðarinnar Gilsár að ræða og að með þeirri greiðslu stefnda eingöngu verið lokið kröfum hans á hendur stefnda vegna fyrirhugaðra jarðakaupa og fjármuna, sem hann hafi afhent honum, enda hafi ekki verið haldið fram upphaflega, að reikningarnir hafi verið greiddir, heldur að viðgerðin hafi verið gölluð og illa unnin, en á þetta hafi ekki verið færðar neinar sönnur. Reikningar þessir séu ógreiddir ennþá, og stefndi geti ekki skuldajafnað kröfum þeim, sem hann hafi uppi, enda þær kröfur algjörlega órökstuddar og ósannaðar.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi borið það hér fyrir dóminum, að viðgerðin á bifreiðinni hafi átt að ganga upp í kaupun á Gilsá I og falli því undir lokaákvæði skuldaskila þeirra á dskj. nr. 10. Einnig telur hann reikningsgerð stefnanda vera með þeim hætti, að að réttu lagi ætti að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna vanreifunar þegar af þeirri ástæðu. Hafi stefnandi fengið kröfu sína að fullu greidda með fullnaðaruppgjöri þeirra, beri því að sýkna hann.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að reikningar þeir, er stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2 og 3, séu þannig, að á þeim megi byggja efnisdóm, enda hefur stefndi viðurkennt, að stefnandi hafi gert við bifreið hans. Þá hnökra, er stefndi telur hafa verið á viðgerðunum, telur dómurinn ekki sannaða. Að því er varðar þá fullyrðingu stefnda, að viðgerðarskuldirnar hafi verið greiddar með skuldaskilum þeirra frá 8. og 10. ágúst 1983, sbr. dskj. nr. 9 og 10., þá þykir orðalag yfirlýsinga þessara svo og brýn neitun stefnanda, sem stefnda hefur að mati dómsins ekki tekist að hnekkja, standa í vegi þess, að hægt sé að fallast á þessa fullyrðingu stefnda. Hið sama telur dómurinn gilda að nokkru um gagnkröfu stefnda til skuldajafnaðar, annars vegar áðurnefndar yfirlýsingar og hins vegar vanreifun þeirra krafna, þannig að ekki er hægt að taka þær til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu eru kröfur stefnanda teknar til greina að fullu, en rétt þykir þó, eins og mál þetta er vaxið, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum, bifvélaþingameisturunum Jóhanni Kristinssyni og Svanlaugi Ólafssyni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vigfús Björnsson, greiði stefnanda, Bifreiðastillingum Birgis, kr. 44.143 með 5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mán-

uði af kr. 17.370 frá 1.2. 1983 til 1.9. s.á., en af kr. 44.143 frá þ.d. til 21.10. s.á., 4,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 3,25% dráttarvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 2,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 2,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.2. 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.3. s.á., 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1986, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. s.á., en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4. 1987, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.6. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., en 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.12. s.á., en 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.1. 1988, en 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.3. s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.5. s.á., en 3,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.7. s.á., en 4,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.8. s.á., en 4,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.9. s.á., en 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.10. s.á., en 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.11. s.á., en 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12. s.á., en 24% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1. 1989, en 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 6.2. 1989, en með dráttarvöxtum skv. 3. kafla laga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Málkostnaður fellur niður.
